

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	26.01.2018
Málalýkill	00.91
Mál nr.	1801358



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 25. janúar 2018
Tilv.: SRN17120082/4.10.7

Með vísan til eftirlitshlutverks síns með stjórnsýslu sveitarfélaga hefur ráðuneytið ákveðið að taka til skoðunar þá samninga um samstarf sveitarfélaga sem í gildi eru hér á landi. Er þá átt við samninga um byggðasamlög, samninga um starfrækslu verkefna sem styðjast við nýtt ákvæði 96. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra samstarfssamninga. Verður meðal annars kannað hvort eldri samningar hafi verið endurskoðaðir með hliðsjón af nýjum og strangri kröfum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en samkvæmt 6. tölul. bráðabirgðaákvæðis I við lögina átti þeirri endurskoðun að vera lokið í október 2014.

Í IX. kafla sveitarstjórnarlaga er fjallað um fjálsa samvinnu sveitarfélaga. Er þar sérstaklega fjallað um tvö samstarfsform, annars vegar byggðasamlög (94. gr.) og hins vegar samninga um að sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir önnur sveitarfélög (96. gr.). Lögina fólu í sér mikilvægar breytingar á reglum um form samvinnu sveitarfélaga, fyrst og fremst þegar í henni felst framsal á valdi til töku stjórnvaldsákvæðana í skilningu 1. gr. stjórnsýslulaga. Getur framsal á slíku valdi aðeins farið fram á vegum byggðasamlags eða á þann hátt að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög nema lög veiti sérstaka heimild fyrir öðru formi samstarfs, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga. Er þar jafnframt kveðið á um að slíkir samningar öðlist ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ráðuneytisins

Markmið verkefnisins er að afla heildstæðra upplýsinga um þá samstarfssamninga sem starfað er eftir í samstarfi sveitarfélaga um land allt og jafnframt leggja mat á hversu vel þeir samræmast kröfum sem gerðar eru til slíkra samninga í lögum. Ef niðurstaða úttektarinnar gefur tilefni til mun ráðuneytið gefa út leiðbeiningar um hvernig skuli standa að gerð samninga um samstarf sveitarfélaga og vinna verkferla um hvernig staðið skuli að staðfestingu samninga sem því eru sendir.

Með vísan til þess sem að framan er rakið og 1. mgr. 113. gr. sveitarstjórnarlaga óskar ráðuneytið því eftir upplýsingum um alla samstarfssamninga sem sveitarfélagið á aðild að og sem starfað er eftir í dag, sem og afritum af umræddum samningum. Þá er óskað eftir álitum sveitarstjórnar á því hvort endurskoða þurfi ákvæði sveitarstjórnarlaga um samstarf sveitarfélaga og þá að hvaða leyti. Er þess óskað að upplýsingarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 1. mars nk.

Nánari upplýsingar veita Stefania Traustadóttir, stefania.traustadottir@srn.is, og Ólafur Kr. Hjörleifsson, olafur.hjorleifsson@srn.is.


Hermann Sæmundsson

Fyrir hönd ráðherra


Ólafur Kr. Hjörleifsson